

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 27. júlí 2023
UST202307-184/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hraunvellir - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraunvelli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir fimm byggingareitum. Á byggingareit B2 er heimilt að byggja gistihús og þjónustuhús, á byggingareit B1 er heimilt að byggja fjölnotahús, á Hraunvöllum 3 og 5 er heimilt að byggja íbúðarhús, bílageymslu og þrjú aukahús og á Hraunvöllum 1 er heimilt að vera með íbúðarhús, þjónusturými, bílageymslu, gestahús, vinnustofu eða garðhýsi.

Hraun og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að Þjórsárhraun er innan svæðisins og bendir Umhverfisstofnun á að það nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og svæðið sem tillagan nær til er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.¹ Því er svæðið ekki utan verndarsvæðis hvað það varðar. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun og fuglalíf í umhverfismatskýrslu og tillagan sé í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>